Vinnum fyrir öll tryggingafélögin
Útvegum bifreið meðan á viðgerð stendur

Bílaréttingar & sprautun Sævars

Skútuvogi 12h - 104 Rvík - Sími 568-9620 - Netfang: bilaretting@bilaretting.is - www.bilaretting.is

BÍLARÉTTING & SPRAUTUN SÆVARS

4. tölublað 2. árgangur 24. JÚNÍ 2015

SLEGGJAN

FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ

Niðurstaða 15. júlí

„Auðvitað skrifa menn ekki undir kjarasamning nema þeir séu sæmilega sáttir," segir Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, um nýgerða kjarasamninga.

Bls. 12

Hvað varð um læknatengda ferðaþjónustu?

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi 2008 bar nokkuð á hugmyndum um uppbyggingu á sviði lækningatengdrar ferðaþjónustu. Veiking krónunar, efnahagslegur samdráttur og tiltölulega lág laun heilbrigðisstarfsmanna í samanburði við nágrannalönd gerði Ísland að ákjósanlegri stað til uppbyggingar sjúkraþjónustu fyrir erlenda viðskiptavini. Velferðarráðuneytið gaf árið 2011 út skýrslu um lækningar yfir landamæri þar sem meðal annars var farið yfir áform einkaaðila um uppbyggingu heilbrigðisstarfsemi til að þjónusta erlenda ríkisborgara. Í dag, árið 2015, hefur ekkert orðið að áformum um stórfellda uppbyggingu einkasjúkrahúsa sem þjónusta áttu þúsundir erlendra lækningaferðamenn.

Nánar á bls. 8 - 9

Varmadælur
Besta loft í loft dæla sem SP í Svíþjóð hefur prófað
LG
SEER 9.1 SCOP 5.2
INVERTER SYSTEM
Sparnaðar orkuflokkur A+++
LOFTTÆKNI Hvammsdal 4, 190 Vogar. Sími: 546 9500 Gsm: 892 8030. www.lofttaekni.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?
Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.
Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun
Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsefni
Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar
Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf o.fl. o.fl.
FRUM ...góður punktur
Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

UltraGlozz®
UltraGlozz bílabónið endist 6-10 sinnum lengur en hefðbundin vaxbón
Níðsterk lakkbrynja sem þolir tjöruþvott
Fæst í verslunum BYKO og N1 um allt land
www.ultraglozz.is
UltraGlozz Superpolish

Kvenréttindadeginum fagnað hjá Alcoa

Kvenréttindadeginum var að venju fagnað hjá Alcoa Fjarðaáli við Reyðarfjörð þann 19. júní þegar rúmlega tvö hundruð konur á Austurlandi þáðu boð fyrirtækisins að koma og fagna deginum ásamt starfsfólki. Að þessu sinni var því sérstaklega fagnað að liðin eru 100 ár síðan íslenskar konur fengu kosningarrétt og var boðið því sérstaklega veglegt í ár.

Fjarðaál hefur frá upphafi starfseminnar boðið konum á Austurlandi í síðdegiskaffi 19. júní. Að meðaltali hafa um tvö hundruð konur mætt, þegið veitingar, hlustað á ræður og notið góðrar tónlistar. Að þessu sinni hófust hátíðarhöldin í hádeginu í matsal fyrirtækisins þegar hrint var úr vör HeForShe átaki UN-Women sem var afar viðeigandi á vinnustað þar sem meirihluti starfsmanna eru karlmenn. Magnús Orri Schram, stjórnarmaður í UN-Women á Íslandi kom og greindi frá átakinu og mikilvægi þess og Magnús Þór Ásmundson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls sagði frá því hvers vegna jafnrétti væri honum mikilvægt. Það gerðu sömuleiðis þrír aðrir karlar sem starfa hjá Fjarðaáli og sitja nú í jafnréttisnefnd fyrirtækisins.

FJÖLDI KARLA SKRIFAÐI UNDIR

Átakið HeForShe gengur út á að karlar taki afstöðu með jafnrétti kynjanna og lýsi því yfir að þeir séu reiðubúnir að leggja sitt af mörkum í þessari baráttu og sýna það með því að skrifa undir viljayfirlýsingu á vefnum. Fjöldi karlmanna í starfsliði Fjarðaáls sem leið átti í mötuneytið skrifaði undir viljayfirlýsinguna. Í framhaldi samkomunnar verður unnið að því áfram innan fyrirtækisins að vekja athygli á átakinu svo það nái eyrum sem flestra starfsmanna.

Konur fagna 100 ára afmæli

Sjálft kvennaboðið tók við síðar um daginn en þá hittust um tvö hundruð austfirskar konur í matsal Fjarðaáls og áttu skemmtilega stund saman. Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins flutti ávarp og talaði þar um það sem áunnist hefur í jafnréttisbaráttunni en minnti einnig á að enn er nokkuð í land og vísaði til dæmis til bágrar stöðu kvenna á forstjórastóli íslenskra fyrirtækja. Þá talaði hún einnig um mikilvægi sterkra kvenfyrirmynda og minntist þar sérstaklega á Vigdísi Finnbogadóttur fyrrum forseta Íslands. Björk Jakobsdóttir leikkona og skemmtikraftur sá um veislustjórn og skemmti gestum eins og henni einni er lagið.

Þess má geta að lokum að í tilefni hátíðarhaldanna í ár var opnuð ljósmyndasýning í álverinu sem nefnist Konur í álveri með myndum eftir Jón Tryggvason áhugaljósmyndara og starfsmann Alcoa Fjarðaáls. Um er að ræða myndir af konum sem eiga það sameiginlegt að vinna á álverslóðinni, sumar hjá Fjarðaáli og aðrar hjá verktökum á svæðinu. Myndir Jóns endurspegla þann kraft og styrkleika sem býr í þeim konum sem starfa á álverslóðinni við Reyðarfjörð.

SLEGGJAN - FRÉTTABLAÐ UM IÐNAÐ
4. TBL. 2. ÁRGANGUR 2015

ÚTGEFANDI Fótspor ehf.
ÁBYRGÐARMAÐUR Ámundi Ámundason 824 2466, amundi @ fotspor.is.
FRAMKVÆMDASTJÓRI Ámundi Steinar Ámundason, as @ fotspor.is.
AUGLÝSINGASTJÓRI Ámundi Steinar Ámundason, as@ fotspor.is. 578-1193.
RITSTJÓRI Atli Þór Fanndal, sími: 492-2103, netfang: atli@thorfanndal.com
UMBROT: Atli Þór Fanndal
PRENTUN: Landsprent, 35.000 eintök. **DREIFING:** Landsprent

þitt.is
Ert þú búin/n að skrá þitt lén?
5.980 kr. á ári
ISNIC
Internet á Íslandi | s: 578 2030 | isnic.is

Menntun skilar minnstu á Íslandi

Árið 2013 var munur ráðstöfunartekna eftir menntun minnstur á Íslandi samanborið við önnur Evrópuríki. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands.

Þeir sem höfðu eingöngu lokið grunnmenntun voru með 86,3% af ráðstöfunartekjum þeirra sem höfðu lokið háskólamenntun en næst á eftir voru Svíþjóð, Noregur og Holland með 80,3%, 77% og 73,6%. Við samanburð milli landa á þeim sem eingöngu höfðu lokið grunnmenntun var miðgildi ráðstöfunartekna á Íslandi árið 2013 það fjórða hæsta í Evrópu. Ísland var aftur á móti í 15. sæti yfir ráðstöfunartekjur háskólamenntaðra.

Nýjustu tölur fyrir Ísland eru frá árinu 2014 en þá höfðu þeir sem einungis voru með grunnmenntun 87,7% af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra en höfðu haft 79,7% árið 2004 þegar lífskjararannsóknin var fyrst framkvæmd. Á sama tímabili fóru tekjur fólks með framhalds- eða starfsmenntun úr 84,5% af tekjum háskólamenntaðra í 91,6%. Munur á ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra og annarra hópa var nokkuð stöðugur til ársins 2010 en hefur síðan farið minnkandi.

Nýliðun meðal skósmiða

Davíð Vigfússon tók nýlega við rekstri Skóarans í Hafnarfirði og unir hag sínum vel. Vísir greinir frá því að skósmiðir séu nú að ná vopnum sínum eftir hrun.

„Það er ekki mikil aukning í stéttinni, en margir velja líka sjúkraskósmíði og það er meiri aukning í því að unga fólkið sé að læra hana," sagði Davíð við Vísi. Hann bætti um leið við að fólk læri til fótaaðgerðafræðings og fari svo í skósmíði. Þetta læra menn í Tækniskólanum og svo er starfsnám hjá meistara. „Við erum tveir sem erum 32 ára, annars er næsti mun eldri," segir hann.

Davíð starfaði í rúm þrettán ár hjá öðrum áður en hann fór að starfa sjálfstætt. „Ég tók við verkstæðinu 15. apríl síðastliðinn," segir Davíð. Hann starfar einn á verkstæðinu, afgreiðir og gerir við inn á milli. „Það er nóg að gera."

S-26 **Einstakt á Íslandi** 10 ára ábyrgð

Þegar hefðbundin málning er ekki að duga
þá er S-26 kerfið lausnin

Þetta hús stendur við Tálknafjörð um 300 m frá ströndinni. Þrátt fyrir mikið veðurálag, særok og sandrok þá sér ekki á málningunni í dag - 6 árum síðar. Raki hvarf alveg úr húsinu á nokkrum vikum.

Máluð var prufa af S-26/Malis kerfinu á BYKO-vegginn árið 2008. Tveimur og hálfu ári síðar var veggurinn háþrýstiþveginn en prufan haggaðist ekki.

S-26 10 ára ábyrgð ÚTIMÁLNING - í eitt skipti fyrir öll

TEKNOS WOODEX

malis.is - vörn til frambúðar

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS

Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is

IBH

IBH sérhæfðir í færiböndum

INTERROLL®

- Interroll tromlumótora færðu með stuttum fyrirvara því við setjum þá saman á verkstæði IBH frá grunni, sniðna að þínum þörfum.

habasit

- Habasit plastkubba færibönd og færibandareimar eru þekktar fyrir endingu og auðveld þrif. CleanDrive beltin eru bylting í þrifum og Saniclip hraðopnun á plastkubbaböndum eru nýjungar sem náð hafa miklum vinsældum.

BYMAT® GmbH

- Bymat umhverfisvænar merki- og hreinsivélar fyrir alla vélaframleiðendur.

Bíldshöfði 18 •110 Reykjavík • Sími: 562 6858 • ibh@ibhehf.is • www.ibh.ehf.is

Ungt uppfinningafólk styrkir UNICEF

AÐSEND GREIN
ÞÓRA ÓSKARSDÓTTIR
THORAOSKARS@INNOENT.COM

Gleðin og stoltið í andlitum 11 ára nemenda Barnaskóla Hjallastefnunnar leyndi sér ekki síðastliðinn mánudagsmorgun. Rútan var komin og leiðin lá til UNICEF og með í för var plastfatan. Þetta var engin venjuleg plastfata, þetta var peningafatan sem geymdi 108.158 kr.

Vikuna áður höfðu verið miklar umræður um hvað skyldi gera við allan þennan pening. Að endingu ákváðu þau að „hjálpa eins mörgum börnum“ og þau gátu. Eftir svolitlar vangaveltur komust þau að því að fjárhæðin gat greitt fyrir 4800 skammta af bóluefni gegn mænusótt, og í það skyldu peningarnir fara. Peningarnir myndu því aðeins stoppa stutt við hjá UNICEF á Íslandi, en ferðast svo áfram til barna annarstaðar á hnettinum. Spennan var áþreifanleg !

Börnin eru öll hugvitsfólk og

„Hugmyndir barnanna voru grunnurinn að þeirri sjálfstæðu vinnu sem tók við.“

frumkvöðlar sem höfðu vikunna áður staðið að sínum fyrsta nýsköpunarmarkaði. Þar seldu þau vörur sem þau höfðu þróað og framleitt í nýsköpunartímum í vetrarins. Á markaðnum var fullt af áhugaverðum nýjum vörum, eins og rafmagnslaus hátalari fyrir síma, og varasalvi úr afgangs vaxlitum sem var þó lífrænn og fer vel með húðina, kósý ponsjó sem hentar í notalega stemmingu utan og innandyra, stuttermabolir með eigin hönnun, þrívíddarprentuð leikföng, auk nýstárlegs bakkelsis, þar ber helst að nefna Minecraft kökupinnann. Fjárhæðin safnaðist á einni klukkustund á markaði barnanna en þá voru allar vörurnar uppseldar!

Markaður barnanna hafði þó verið lengi í undirbúningi og hófst í haust með samstarfi INNOENT á Íslandi og Barnaskóla Hjallastefnunnar. Þegar námið hófst fékk unga hugvitsfólkið tækifæri til að velta fyrir sér hvernig þau hafa stöðugt áhrif á umhverfi sitt og hvernig hægt er að nýta þessi áhrif til að breyta heiminum til betri vegar. Hér var aðalmarkmið að gefa börnunum tilfinningu fyrir hvaða áhrif þau geta haft á aðra og hvernig þau geta verið stjórnendur í eigin lífi. Í þessari vinnu voru flestir komnir með fjölmargar hugmyndir, allt frá því að leysa samgönguvandamál í það hvernig væri hægt að búa til ódýran fótbolta fyrir alla.

Hugmyndir barnanna voru grunnurinn að þeirri sjálfstæðu vinnu sem tók við. Þau vildu öll að hugmyndir sínar yrðu að veruleika og voru tilbúin til að leggja mikið á sig til þess. Áhuginn var slíkur að mörg þeirra heimtuðu að fá á vinna heima þannig að þau nýttu tímana í skólanum bara til að ljúka við það sem þau réðu ekki alveg við sjálf. Já, það eru ekki margir kennarar sem eru beðnir um heimavinnu, en nýsköpunarkennarar eru sannarlega slíkir kennarar.
Í vinnu barnanna með eigið hugvit myndaðist gríðarlegt tækifæri til náms, vegna áhugans sem þau höfðu á að ljúka við til hugmyndina sína . Það þurfti að nýta það sem þau höfðu lært í skólanum en þar að auki var nauðsynlegt að afla

„Það sem er alveg einstakt við þessa vinnu er hvað börnin gerðu mikið af eigin frumkvæði og hvað þau tókust vel á við allar þær hindranir sem á vegi þeirra varð.“

þekkingar á ólíkum sviðum vísinda og tækni. Hvert barn fékk þannig mismunandi reynslu eftir hugviti þeirra og áhugasviði.

Þekkinguna sóttu börnin til mismunandi aðila á ýmsum sviðum vegna þess að þekkingu má finna alstaðar, hér var Google og Youtube mikið notað. Sum börn hringdu í prófessora uppí Háskóla Íslands, heyrðu í hljóðverkfræðing hjá Eflu verkfræðistofu og svo heimsóttu allir í FABLAB í Breiðholti til að læra á laserskera og þrívíddarprentara.... sem er auðvitað „geðveikt kúl“.

Það sem er alveg einstakt við þessa vinnu er hvað börnin gerðu mikið af eigin frumkvæði og hvað þau tókust vel á við allar þær hindranir sem á vegi þeirra varð. En kennarinn beindi þeim að þekkingar brunnum, hvatti þau áfram þegar á móti blés og hafði óbilandi trú á þeim. Eftir alla þessa vinnu og dugnað ákvað hópurinn í sameiningu að gefa allan ágóða sölunnar til UNICEF til að setja sitt fingrafar á veröldina og hjálpa til við að útrýma mænusótt.
„Fjögurþúsund og áttahundruð börn… það er svona eins og allir krakkarnir í skólanum okkar, sinnum tólf!“

„ Börnin eru öll hugvitsfólk og frumkvöðlar sem höfðu vikunna áður staðið að sínum fyrsta nýsköpunarmarkaði.“

Hvers vegna **velja það besta,** RA 2000 ofnhitastilla?

Þægindi
orkusparnaður

Með RA 2000 ofnhita-nema á ofninum er nýtingin á varma með besta móti.

Einn lykillinn að meira en 20 ára endingartíma RA 2000 ofnhitanemans er gasfyllingin, sem ólíkt öðrum fyllingum, heldur alltaf óbreyttri stjórnunar- og viðbragðsgetu

Þetta gerir RA 2000 ofnhitanemann að mun betra stjórntæki en aðrar gerðir ofnhitanema. Viðbragðstími annarra algengra gerða hitanema er allt að 70% lengri.

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss

Silicor fær danskan verktaka til að byggja verksmiðju fyrirtækisins

Danska verktakafyrirtækið MT Højgaard hefur skrifaði undir samning við Silicor Materials um að byggja 121 þúsund fermetra sólarkísilverksmiðju á Grundartanga. Samningurinn er metinn á 1,5 milljarða danskra króna eða um 30 milljarða íslenskra króna.

Silicor Materials tilkynntu í júlí 2014 að fyrirtækið hyggðist byggja verksmiðjuna á Íslandi. Kom fram að hinn íslenski Arion banki myndi leiða fjármögnun verkefnisins. Lífeyrissjóðir eru meðal þeirra sem Silicor Materials hf. leitar nú til vegna fjármögnunar til uppbyggingar kísilverksmiðju fyrirtækisins á Grundartanga. Kostnaður við uppbygginguna eru tæpir 80 milljarðar. Hluta fjármögnunarinnar – um tíu milljarða – verður leitað innanlands en afgangurinn kemur erlendis frá, samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafa Silicor á Íslandi.

„Meðal aðila sem koma að fjármögnun eru samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu ATP lífeyrissjóðurinn danski, Þýski þróunarbankinn og Hudson Clean Energy Partners. Fjárfestingu Þýska þróunarbankans fylgir kvöð um 40% eiginfjármögnun verkefnisins. Centra fjármálaráðgjöf fer fyrir fjármögnuninni fyrir hönd fyrirtækisins.“

Meðal aðila sem koma að fjármögnun eru samkvæmt upplýsingum frá fyrirtækinu ATP lífeyrissjóðurinn danski, Þýski þróunarbankinn og Hudson Clean Energy Partners. Fjárfestingu Þýska þróunarbankans fylgir kvöð um 40% eiginfjármögnun verkefnisins. Centra fjármálaráðgjöf fer fyrir fjármögnuninni fyrir hönd fyrirtækisins.

Uppbygging kísilverksmiðju á Grundartanga hefur mætt mikilli andstöðu. Á meðal áberandi gagnrýnenda fyrirætlana fyrirtækisins eru Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur, Ásbjörn Kristinn Morthens, betur þekktur sem Bubbi, tónlistarmaður og íbúi Hvalfjarðar, og nú nýlega Skúli Mogensen, fjárfestir og forstjóri WOW. Skúli er eigandi Hvammsvíkur sunnanmegin í innri Hvalfirði og hefur fyrirætlanir um uppbyggingu náttúruvæns hótels á svæðinu. Fulltrúi Silicor gerði breytingar á Wikipediusíðu um Harald í kjölfar þess að eldfjallafræðingurinn hóf að gagnrýna fyrirtækið.

Aðferð Silicor byggist á því að bræða kísilinn í álbaði. „Þannig fæst 99,9999% hreinn kísill sem nota má í sólarsellur. Bráðið ál er notað sem eins konar hreinsilögur á kísilinn til að fjarlægja óhreinindin sem bindast

„Uppbygging kísilverksmiðju á Grundartanga hefur mætt mikilli andstöðu.“

frekar áli en kísli. Þessi blanda áls og kísils lækkar bræðslumark málmblendisins sem þýðir að minni orku þarf til bræðslunnar,“ segir í matsskyldufyrirspurnarskýrslu Silicor sem unnin var af VSÓ-ráðgjöf. Silicor á tæplega 30 einkaleyfi vegna þeirrar aðferðar sem fyrirtækið hefur þróað. Raunar virðist aðferðin byggjast á eldri vinnsluaðferðum kísils þar sem málmurinn er bræddur og óhreinindin skilja sig að mestu frá málminum. Þessa aðferð segir Silicor mun ódýrari og umhverfisvænni en Siemens-aðferðina svokölluðu.

Áætluð uppbygging verksmiðjunnar verður um 19.000 tonn á ári. Það eru um þrjú til fimm prósent af heimsframleiðslu kísils til sólarselluframleiðslu. „Það er framleiðsla sem rýmist innan vaxtar iðnaðarins,“ segir Davíð Stefánsson, ráðgjafi Silicor á Íslandi. Verksmiðjan er byggð í skjóli þess að samningar hafa náðst um kaup á um 14.000 tonnum af kísil frá verksmiðjunni. Það samsvarar um 70% framleiðslunnar. Það sem eftir stendur verður selt á opnum markaði. Viðskiptavinir Silicor eru frá Kína, Suður-Kóreu og Taívan. Fulltrúar félagsins hafa ítrekað sagt að fríverslunarsamningur Íslands við Kína spili stóran þátt í því að farið er í uppbyggingu á Íslandi.

MISHEPPNUÐ ÆVINTÝRI

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Silicor hyggur á uppbyggingu. Árið 2011 hafði Silicor tryggt sér 94 milljóna dala lán frá yfirvöldum í Mississippi. Það eru tæpir 11 milljarðar króna. Fyrirtækið hét þá Calisolar. Þá höfðu yfirvöld á svæðinu skuldbundið sig til gatnagerðar, aðstoðar við hagstæðar lánalínur auk skattalegra hvata. Ekkert varð úr framkvæmdunum og eftir ítrekaðar seinkanir kröfðust yfirvöld í Lowndes-sýslu í Mississippi þess að lögð yrði fram 17 milljóna króna trygging vegna landsvæðis sem tekið var frá fyrir fyrirtækið. Silicor reiddi féð ekki fram og var verkefninu því sjálfhætt. Árið 2014 voru 27 milljónir króna í skaðabætur greiddar til yfirvalda á svæðinu til að vega upp á móti útgjöldunum vegna verkefnisins.

VIÐSKIPTASTRÍÐ

„Óánægjan í Ohio kom til vegna þess að menn voru að velja á milli Ohio og Mississippi,“ sagði Davíð Stefánsson, fulltrúi Silicor á Íslandi, við Kvennablaðið nýlega. Davíð bætti við að pólitískt sé slíkt raunar eins og að velja á milli Siglufjarðar og Dalvíkur. „Menn vita að það myndi heyrast hljóð í horni ef það þyrfti að velja þar á milli.“ Hann segir fyrirhugaðar framkvæmdir í Mississippi hafa verið stórar og miklar framkvæmdir sem miklar vonir hafi verið bundnar við. „Félagið sjálft var komið með lánavilyrði frá yfirvöldum sem var tiltölulega stór styrkur líka. Verkefnið var komið á mjög góðan rekspöl. Þá kemur upp að Kínverjar og Bandaríkjamenn fara í viðskiptastríð og reyndar drógust Kanadamenn inn í þá deilu. Þá er settur á kísilinn sextíu prósenta tollur. Þá er sjálfhætt með starfsemina í Missisippi.“ Davíð segir skiljanlegt miðað við væntingar að þessi ákvörðun hafi verið mikil vonbrigði.

Viðskiptastríðið sem fulltrúi Silicor vitnar til er hluti af tiltölulega langvarandi gjaldmiðla- og viðskiptastríði Bandaríkjanna og Kína. Kínverska og bandaríska hagkerfið eru afar tengd og háð hvort öðru. Kínverjar eru einhver stærsti framleiðandi heims en Bandaríkin stærsti neytandi heims. Báðar þjóðirnar hafa stundað að setja tolla á varning hvor annarrar til að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Þannig má nefna að á meðan Kínverjar stóðu í stórfelldri uppbyggingu áliðnaðar í Kína voru, og eru enn þótt þeir fari lækkandi, háir útflutningstollar á áli enda ætlun yfirvalda að það yrði notað innanlands. Árið 2002 settu Bandaríkjamenn háa tolla, allt að 30%, á innflutt stál til varnar stáliðnaði innanlands. Tollarnir voru lækkaðir aftur árið 2003 þótt upphaflega hafi staðið til að þeim yrði viðhaldið til ársins 2005. Á árunum fyrir 2002 lýstu um 30 bandarísk stálfyrirtæki sig gjaldþrota vegna aukinnar samkeppni erlendis.
Sólarorkuiðnaðurinn í Bandaríkjunum hefur orðið sérstaklega illa úti í viðskiptastríði undanfarinna ára.

Bygging verksmiðju Silicor Materials er fjarri því óumdeild. Athafnamaðurinn Skúli Mogensen, sem á meðal annars flugfélagið WOW air, skrifaði til að mynda grein í Kjarnann þann 20. maí þar sem hann gagnrýndi áformin harðlega. Skúli, sem ætlaði sér að byggja vistvænt hótel í Hvalfirði, hefur sagt að hann muni ekki láta verða af því ef sólarkísilverksmiðjan rís.

Markmið Gagnaveitu Reykjavíkur er að auka lífsgæði og upplifun íbúa

- með 1Gb/s gagnahraða kemst Ísland meðal framsæknustu þjóða heims

KYNNING
GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR

Erling Freyr Guðmundsson tók til starfa sem framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur í febrúarmánuði á þessu ári en Gagnaveita Reykjavíkur er dótturfyrirtæki Orkuveitu Reykjavíkur. Erling Freyr hefur starfað að fjarskiptamálum í hartnær tvo áratugi á Íslandi og erlendis. Hann lagði fyrst stund á rafvirkjun en lauk síðan MBA-prófi frá HR árið 2009.

Hlutverk Gagnaveitu Reykjavíkur er rekstur og uppbygging háhraða gagnaflutningskerfis sem byggir á ljósleiðara- og IP-nettækni. Kerfið gengur undir nafninu Ljósleiðarinn og verða um 70 þúsund heimili tengd því í árslok 2015. Hjá Gagnaveitunni starfa rétt yfir 30 manns en með undirverktökum og samstarfsaðilum starfa um 150 manns.

Erling Freyr stofnaði Ljósvirkja, þjónustufyrirtæki við fjarskiptafyrirtæki, árið 1996 og upp úr aldamótum stofnaði hann ásamt öðrum fyrirtækið Industria, sem sérhæfði sig í þjónustu við uppbyggingu ljósleiðarakerfa. Erling Freyr rak Industria fyrst á Írlandi, svo á Íslandi frá árinu 2003 og síðar á Bretlandseyjum frá ársbyrjun 2008. Árið 2013 tók hann við framkvæmdastjórn fjarskipta- og tæknisviðs 365 miðla.

„Markmið Gagnaveitu Reykjavíkur er að auka lífsgæði og upplifun íbúa og fyrirtækja veitusvæðis Orkuveitu Reykjavíkur sem nær frá Bifröst í Borgarfirði í vestri og austur á Hvolsvöll. Fyrirtækið hefur frá árinu 2007 verið í forystu í fjarskiptum á Íslandi og leggur af mikilli framsýni ljósleiðarakerfi á þjónustusvæði sínu," segir Erling Freyr. „Gagnaveitan á háhraða ljósleiðaranet sem leggur einn þráð inn á hvert heimili og setur búnað á endann sem ræður við 1 Gb/s gagnahraða í báðar áttir, en flestir viðskiptavinir sem hafa tengst Ljósleiðaranum fá 100 til 400 Mb/s nethraða í báðar áttir. Engin önnur fjarskiptatenging til heimila býður upp á slíkan hraða í dag. Í dag eru 16% heimila í Svíþjóð farin að nota 1 Gb/s en okkar markmið og hlutverk er að vera einu skrefi á undan og tilbúin fyrir framtíðarvörur frá okkar fjarskiptafélögum."

LEIÐANDI Í GRUNNSTOÐUM FJARSKIPTA

Gagnaveita Reykjavíkur ætlar að vera leiðandi í grunnstoðum fjarskipta til heimila og fyrirtækja á þjónustusvæði Gagnaveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið ætlar að vera fyrsti valkostur einstaklinga og fyrirtækja þegar kemur að hagkvæmu háhraða aðgangsneti. Að okkar mati er mikilvægt að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti. Síðast en ekki síst ætlar Gagnaveita Reykjavíkur að vera í fararbroddi í stuðningi við snjallvæðingu samfélaga með þekkingu og sterkum grunnstoðum. Kópavogsbær og Gagnaveita Reykjavíkur hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um aukinn uppbyggingarhraða Ljósleiðarans í bæjarfélaginu. Allir nýtengdir viðskiptavinir Gagnaveitu Reykjavíkur í Kópavogi munu fá búnað sem ræður við 1 Gb/s gagnahraða. Með þessu er Gagnaveitan að koma Kópavogsbæ í fremstu röð bæjarfélaga í fjarskiptum en 64% heimila í munu í lok árs hafa aðgengi að hraðasta neti á Íslandi. Ljósleiðaravæðingu bæjarins lýkur síðan fyrir lok ársins 2017 en þá munu öll heimili í bænum hafa aðgengi að ljósleiðara. Ljósleiðarinn er nauðsynlegur fyrir þá byltingu sem framundan er í snjallvæðingu heimila og okkar samfélags. Með ljósleiðara Gagnaveitunnar ná viðskiptavinir hröðustu tengingu til heimila á Íslandi.

Þjónusta fjarskiptafyrirtækja, sjónvarpsveitna og miðlun myndefnis af öllu tagi kallar á öflugra og hraðara netsamband og Gagnaveita Reykjavíkur er vel í stakk búin til að svara þessu kalli og horfir enn lengra fram á veginn í þessari tæknivæðingu. Þannig fylgir Gagnaveitan eftir þeirri þróun sem á sér stað hjá framsæknustu gagnaveitum heims.

- Munu aðrir landshlutar utan þjónustusvæðis Gagnaveitu Reykjavíkur tengst kerfi Ljósleiðarins í náinni framtíð?

„Það hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum, en aðilar t.d. á Austfjörðum gætu lært af okkur en Gagnaveita hefur byggt upp stærsta ljósleiðarakerfi til heimila á Íslandi og við erum miklir


Erling Freyr Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Ljósleiðari bíður þess að vera tengdur.

Hnotskurn:
Með Ljósleiðaranum frá Gagnaveitunni liggur óslitin ljósleiðari frá heimili eða fyrirtæki út í spennistöð með 1 Gb/s gagnahraða. Hér er flutningsgetan slík að hún gæti með auðveldum þjónað bandvíddarþörf heimila vel næstu árin ef ekki áratugi. Þegar ný hverfi eru byggð leggur Gagnaveitan ljósleiðararör samhliða framkvæmdum

Víða eru framkvæmdir á vegum Gagnaveitu Reykjavíkur á veitusvæði Gagnaveitu Reykjavíkur.

stuðningsmenn þess að allt Ísland verði ljósleiðaravætt. Við munum leggja lóð á vogarskálar þess að það gangi eftir. Við viljum miðla af okkar reynslu út í samfélagið og tækjum því vel ef leitað væri til okkar. Það er samfélagsleg ábyrgð okkar hjá Gagnaveitu Reykjavíkur að gera allt sem við getum til að ljósleiðaravæða Ísland. Ég er mjög ánægður að sjá að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson tilkynnti að ríkisstjórnin hefur samþykkt að ljósleiðaravæða eigi dreifbýli landsins og verja eigi miklu fé til uppbyggingar."

HÖFUÐBORGIN ÖLL LJÓSLEIÐARAVÆDD VIÐ ÁRSLOK

Í lok þessa árs verður lokið við að ljósleiðaravæða höfuðborgina, og í dag eru flestir sammála um kosti þess að ljósleiðaravæða öll heimili Ísland fyrir árið 2020. Í dag geta yfir 63 þúsund heimili tengst Ljósleiðaranum og frá upphafi hafa 32 þúsund heimili prófað sambandið.

„Það er mjög gaman að vera í þeirri stöðu að vera búinn að leggja svo öflugt net og vita að á þessu er í raun engin takmörk. Með Ljósleiðaranum frá Gagnaveitunni liggur óslitin ljósleiðari frá heimili eða fyrirtæki út í spennistöð með 1 Gb/s gagnahraða. Hér er flutningsgetan slík að hún gæti með auðveldum þjónað bandvíddarþörf heimila vel næstu árin ef ekki áratugi.

Þegar ný hverfi eru byggð leggur Gagnaveitan ljósleiðararör samhliða framkvæmdum en í eldri hverfum þarf jarðvinnuframkvæmdir til að koma lögnum og búnaði fyrir. Í öllum tilvikum þar sem Gagnaveitan leggur ljósleiðaralagnir er ekki einungis grafið inn að húsinu viðskiptavinum að kostnaðarlausu, heldur eru einnig lagðar lagnir að sjónvarpi, netbeini og heimasíma notanda að kostnaðarlausu. Þessar innanhúslagnir eru lagðar þegar viðskiptavinur pantar sér fjarskiptaþjónustu frá fjarskiptafélaginu sínu."

Ljósleiðarinn frá Gagnaveitu Reykjavíkur byggir á opnu neti og hægt er að versla þjónustu af mörgum fjarskiptafélögum sem eykur fjölbreytni og samkeppni innan kerfisins. Söluaðilar Ljósleiðarans eru s.s. Vodafone, Hringdu, Hringiðan, 365 og Símafélagið. „Viðskiptavinir geta þannig valið milli þjónustuaðila sem bjóða upp á breytt vöruúrval um Ljósleiðarann. Grunnhugsunin er að viðskiptavinurinn hafi fjölbreytt val á opna neti Gagnaveitu Reykjavíkur."

MÖGULEGA 21 SNJALLTÆKI Á HVERJU HEIMILI 2020

„Þráðlaust samband mun styrkjast á næstu árum samhliða farsímatækninni og Reykjavíkurborg er að verða snjallari, sem er mjög gott því talið er að á allra næstu árum muni fjöldi tengdra tækja við internetið þrefaldast á venjulegu heimili. Í dag er talið að sjö tæki nettengist á hverju reykvísku heimili, og um 2020 er talið að tækin verði að jafnaði um 21 á hverju heimili. Þá er mikilvægt að þessi heimili hafi aðgang að mikilli bandvídd eins og Ljósleiðarinn getur veitt.

Það er spennandi að velta fyrir sér hvaða tæki um ræðir, í dag eru dæmi um tæki sem við þekkjum eins og armbönd sem mæla skrefin sem stigin eru, hjartsláttinn, svefninn okkar og fleira. Það sem ég er t.d. spenntur fyrir er að á heimilin komi mælar sem skynja fullkomlega orkunotkunina, bæði vatnsnotkun og rafmagnsnotkun milli daga og þannig getum við áttað okkur á hvar við getum sparað og hagað okkur öðruvísi við orkukaup en við gerum í dag. Þannig getum við farið betur með þessa auðlind sem orka er, og jafnvel sparað til komandi kynslóða."

HAGKVÆMT AÐ BÚA Í SNJALLSAMFÉLAGI FRAMTÍÐARINNAR

Ýmsar borgir erlendis eru að undirbúa snjallvæðingu, t.d. Kaupmannahöfn. „Í prófunum eru snjallruslatunnur sem eru nettengdar þráðlaust og nota orku frá rafhlöðu og ruslatunnan lætur vita þegar hún er full. Þannig ekur ruslabíllinn ekki að henni ef hún er t.d. tóm. Þetta dregur úr kostnaði, vinnuálagi og streitu starfsmanna svo það ætti að vera mjög hagkvæmt að búa í snjallsamfélagi framtíðarinnar," segir Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur.



„Það var gluggi þarna sem við klúðruðum.“

Í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi 2008 bar nokkuð á hugmyndum um uppbyggingu á sviði lækningatengdrar ferðaþjónustu. Veiking krónunar, efnahagslegur samdráttur og tiltölulega lág laun heilbrigðisstarfsmanna í samanburði við nágrannnalönd gerði Ísland að ákjósanlegri stað til uppbyggingar sjúkraþjónustu fyrir erlenda viðskiptavini. Velferðarráðuneytið gaf árið 2011 út skýrslu um lækningar yfir landamæri þar sem meðal annars var farið yfir áform einkaaðila um uppbyggingu heilbrigðisstarfsemi til að þjónusta erlenda ríkisborgara. Í dag, árið 2015, hefur ekkert orðið að áformum um stórfellda uppbyggingu einkasjúkrahúsa sem þjónusta áttu þúsundir erlendra lækningaferðamenn.

Fyrirtækið PrimaCare hugði á að reisa einkasjúkrahús í Mosfellsbæ. Iceland Healthcare, Lava Clinic, undirbjó einnig uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli. Iceland Healthcare hugðist opna fyrsta einkasjúkrahússins á Íslandi, í samstarfi við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar (Kadeco).

„Ætlunin var að PrimaCare byggði einkarekið liðskiptasjúkrahús og hótel fyrir erlenda sjúklinga og þá sem fylgja þeim hingað til lands“

„Íslenskur ráðgjafahópur um lækningatengda ferðaþjónustu hefur viðrað athyglisverðar hugmyndir um hvernig standa beri að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu fyrir erlenda borgara. Erlendir sérfræðingar hafa líka lagt ýmislegt til málanna varðandi uppbyggingu slíkrar þjónustu hér á landi,“ segir í skýrslu velferðarráðuneytins. Þann 26. febrúar 2010 skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, nefnd til þess að framkvæma mat á möguleikum íslenska heilbrigðiskerfisins til þess að sinna erlendum sjúklingum á komandi árum. Sömuleiðis var nefndinni ætlað að skoða fýsileika boðaðra verkefna einkaaðila í ljósi þeirra áhrifa og afleiðinga sem þau gætu haft fyrir heilbrigðisþjónustu á Íslandi í framtíðinni. „Nefndinni var með öðrum orðum falið að meta hvort Ísland gæti orðið virkur aðili að lækningum yfir landamæri“

Ætlunin var að PrimaCare byggði einkarekið liðskiptasjúkrahús og hótel fyrir erlenda sjúklinga og þá sem fylgja þeim hingað til lands. Undirbúningur verkefnisins hafði staðið yfir frá árinu 2009 en árið 2011 var ætlað að hefja undirbúning vegna hönnunar nýbygginga fyrirtækisins. Áformin hljóðuðu upp á 80-120 rúma sjúkrahús með fjórum skurðstofum. Ár hvert yrðu um 3.000-5.000 aðgerðir framkvæmdar. Fyrirtækið horfði til Bretlandseyja, Norðurlanda og Bandaríkjanna. Fyrirhugað hótel átti að hafa 250-300 rúm og búist var við sex til tíu þúsund gestum á ári.

Forsvarsmenn PrimaCare ehf. vildu meina að verkefnið hefði skapað 600-1.000 störf, auk 250-300 starfa á byggingartíma sjúkrahússins. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að sjúkrahúsið fullbúið kostaði um 150 milljónir dollara, sem samsvarari þá um 17 milljörðum króna og að árlegar tekjur næmu um 120 milljónum dollara, eða tæpum 14 milljörðum króna.

LIÐASKIPTAAÐGERÐIR Í KEFLAVÍK

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, í samvinnu við Iceland Healthcare hugðist á uppbyggingu að Ásbrú í Reykjanesbæ. Ætlunin var að sérhæfa sig í liðskiptaaðgerðum í hné og mjöðm ásamt aðgerðum vegna offitu og sérhæfðri endurhæfingu fyrir útlendinga. 200 - 300 ný störf voru boðið vegna starfseminnar. Alls var gert ráð fyrir þremur skurðstofum og 35 legurýmum. Taka átti á móti allt að 4.000 sjúklingum á ári. Iceland healthcare taldi Lava Clinic geta skilað allt að 3,5 milljörðum króna tekjum á ári er sjúkrahúsið væri í fullri starfsemi. Upphaflega var gert ráð fyrir að lögð yrði áhersla á markaðssetningu í Noregi og Svíþjóð, en fljótlega kom England einnig inn í myndina. Þar næst beindust augun að bandaríska markaðinum og enn seinna varð markhópur sjúkrahússins skilgreindur sem alþjóðlegur.

„Verklegum framkvæmdum við innréttingu sjúkrahússins er stjórnað af Kadeco. Fasteignafélagið Seltún, sem er í meirihlutaeigu Kadeco, er hins vegar eigandi sjúkrahússins, leigir það til Iceland Healthcare og sér að mestu um fjármögnun verkefnisins. Iceland Healthcare er í eigu Salt Health, sem fer með eignarhald á umræddu rekstrarfélagi, en kemur ekki með beinum hætti að fjármögnun eða fjárfestingu í endurbyggðu sjúkrahúsi. Salt Health er í meirihlutaeigu athafnamannsins Róberts Wessman og Svíans Otto Nordhus.“ Í lok janúar 2011 auglýsti Lava Clinic eftir hjúkrunarfræðingum og gæðastjóra.

„Árið 2009 þá vorum við enn með 10% umframgetu í þeim aðgerðum sem eru eftirsóttastar“

EKKERT VARÐ ÚR ÁFORMUM

Lava Clinic opnaði aldrei og fyrirrætlanir PrimaCare eru á salti. Í báðum tilvikum hafa vefsvæði fyrirtækjanna verið tekin niður og hringi maður í síma Lava Clinic svarar hjá fyrirtækinu Alvogen. Þar kannast fáir við fyrirtækið. „Málið er það að fyrirtækið er í sjálfu sér ennþá til en það má segja að það hafi engin starfsemi hafi verið í því síðastliðin tvö ár,“ segir Gunnar Árnason, framkvæmdastjóri PrimaCare, við Sleggjuna. „Ástæðan er einfaldlega sú að þetta hefur ekki gengið upp, að fá fjárfesta að félaginu samkvæmt þeim forsendum sem voru í gangi á þessum tíma, svo er það annað mál að ég veit af því að það eru alls konar í gangi um alls konar heilbrigðistengd verkefni og ég hef sjálfur verið að ræða við aðila út af sumum þessum verkefnum en þá er það ekki undir formerkjum PrimaCare. En það eru bara þreifingar sem maður veit ekki hvort að eitthvað kemur út úr eða ekki.“ PrimaCare lagði áherslu á að fá bandaríska sjúklinga. Gunnar segir þann markað töluvert erfiðan en eftirsóknarverðan. - Er það yfirleitt fjármögnun sem stoppar uppbyggingu eins og þá sem PrimaCare ætlaði í? „Til að komast inn fyrir dyr hjá þessum bandarísku aðilum sem að við vorum búin að banka upp á hjá, tryggingarfélögin og þessir amerísku sjóðir, starfsmannasjóðir og ýmsir aðrir, þá þarftu að vera kominn með miklu meira en konseptið í hendurnar. Þú þarft að vera kominn vel áleiðis með hönnunina og að sýna þessum aðilum jafnframt að þú sért búinn að tryggja þér fjármagnið til að koma þessu á koppinn. Annars tala þessir menn ekki við þig. Það var eiginlega okkar vandamál. Margir voru mjög hrifnir af hugmyndinni og áhugasamir en það sem reyndist okkur erfiðast var tímasetningin á verkefninu. Þetta var rétt eftir hrun. Við lentum í því nokkrum sinnum að við vera komnir með aðila sem voru tilbúnir en þegar til átti að taka þá lögðu þeir ekki í að koma með fjármagnið í það umhverfi sem hér var.“

ENN TÆKIFÆRI

- Þú heldur enn þá að það sé markaður í lækningatengdri ferðaþjónustu?

„Ég efast ekki um það eitt augnablik. Þetta er bara spurning tíma. Hvenær, en ekki hvort þetta verður. Allar forsendur sem voru fyrir hendi á þessum tíma, varðandi markaðinn erlendis, þörfina fyrir

viðbótarþjónustu og þá möguleika sem Ísland hefur til að bjóða upp á fullkomna heilbrigðisþjónustu á mjög samkeppnishæfu verði miðað við bandaríska markaðinn, það hefur ekkert breyst þar heldur hefur þörfin heldur aukist ef eitthvað er:“ - Þú sagðir í viðtali árið 2013 að afstaða ríkisstjórnar Samfylkingar og VG hefði spillt fyrir. „Það var ein hindrunin til viðbótar:“ - Getur þú skýrt hvað þú átt við? „Ef þú ert að reyna að fá fjárfesta til að setja peninga í svona verkefni og þarft um leið að útskýra að þau stjórnvöld sem ráða í landinu séu beinlínis á móti verkefnum af þessu tagi, þá flækir það málin. Þó svo að lagaumhverfiið hafi verið þannig að hver sem er ætti að geta sett upp svona stofnun að því gefnu að fá þá samþykki landlæknis, sem þarf að byggja sitt mat á læknisfræðilegum sjónarmiðum en ekki pólitískum, þá vorum við að sjá dæmi um það að stjórnvöld voru einfaldlega að breyta leikreglunum í miðjum klíðum. Ef þú þarft að standa í því að útskýra það fyrir fjárfestum að það sé raunveruleg hætta á því að stjórnvöld ákveði það, þegar farið er af stað, að breyta lagaumhverfinu, þá er það bara enn ein stór hindrun sem þarf að yfirstíga. Í dag erum við aftur á móti með stjórnvöld sem eru miklu ólíklegri til að beita sér með slíkum hætti. Maður hefur heyrt núverandi ráðamenn frekar fagna því að menn séu að leita leiða til að auka fjölbreytileikann í þjónustu og framboði. Síðan er það annað mál að við vorum alltaf að horfa á erlenda sjúklinga en ekki innlenda sjúklinga. Það má kannski segja að fyrri stjórnvöld, allavega sumir af ráðamönnum þar, hafi sagt að það væri þeim ekki sami þyrnir í augum eins og ef það væri verið að bjóða þessa þjónustu íslenskum sjúklingum, það virtist skipta máli hvaðan sjúklingarnir komu.“

TÆKIFÆRI EÐA ÓSKHYGGJA

Adda Sigurjónsdóttir, viðskiptafræðingur með áherslu á rekstur sjúkrastofnana, fjallaði um mögulega uppbyggingu lækningaferðaþjónustu í lokaritgerð sinni frá Bifröst. Hún tekur undir orð Gunnars um að fyrri ríkisstjórn hafi verið mótfallin áformum um einkarekna læknisferðaþjónustusjúkrahús. „Árið 2009 þá vorum við enn með 10% umframgetu í þeim aðgerðum sem eru eftirsóttastar,“ segir Adda. Í dag séu aðstæður því miður aðrar. Hún segir Íslendinga hafa misst af tækifærinu sem var frá 2009 - 2012. Vissulega þýði það ekki að ekkert verði að slíkri uppbyggingu en aðstæður séu breyttar og taka verði slíkt til skoðunar. „Ég varaði mikið við því í ritgerðinni minni að ef ekki yrði brugðist við þá myndu þeir læknar sem framkvæma eftirsóknarverðustu aðgerðirnar fara úr landi.“ Hún telur skattlagningarstefnu fyrri stjórnar hafa sett strik í reikninginn. „Síðan þegar ég talaði við yfirvöld um þetta, heilbrigðisráðuneytið meðal annars, þá var vinstri stjórn við líði og og þeir töluðu um að setja skatt á þetta. Þá hækkar verðið auðvitað. Það sem gerði útslagið að mínu mati var að það var sett á milliskattþrepið. Það lenti aðallega á þessari stétt því að hún var að vinna mikla yfirvinnu til að hækka launin. Það gerði það miklu eftirsóknarverðara að vinna erlendis, til dæmis í Noregi og koma svo til baka og vinna smá hér, og þegar þau fundu muninn á vinnuaðstöðu þá fóru þau náttúrulega bara endanlega.“ Adda segir að íslenskir heilbrigðisstarfsmenn séu eftirsóknarverðir um allan heim. „Læknar og vel menntaðir hjúkrunafræðingar voru með mikinn launamun miðað við Norðurlöndin og menntaðir heilbrigðisstarfsmenn frá Íslandi teljast mjög eftirsóknarverðir um alla veröld. Þegar auka skattþrepið kom og það mátti ekki kaupa neitt í sjúkrahúsin ásamt öllu álaginu, tækjabúnaðurinn að bila og ríkið fór að kaupa færri aðgerðir. Stundum það fáar aðgerðir að læknar héldu ekki réttindum sínum og þeir urðu að fara út og halda áfram að skera eitthvað þar, þá er þetta bara ónýtt. Þarna var okkar stærsta tækifæri til að halda í læknana og skapa tekjur og fá auka pening til að reka heilbrigðiskerfið. Það fór að því að það var svo upptekið af því að það mætti ekki fara í einkarekstur. Þá misstum við þennan mun úr landi. Ofan á þetta þá vorum við með umframgetu, akkúrat í þeim verkefnum sem að voru mjög eftirsótt. Þarna flugu fleiri hundruð þúsund Bandaríkjamenn yfir Ísland á leið til Mumbai í 40 stiga hita og allt aðra menningu í stórar skurðaðgerðir sem þeir hefðu getað fengið hér í svipaðri menningu og hjá þeim en með styttra flug. Við bara misstum af þessu. Það var gluggi þarna sem við klúðruðum,“ segir Adda.

SUMT TEKIST VEL

Þótt áform um uppbyggingu sérhæfðra einkasjúkrahúsa í lækningaferðaþjónustu hafi enn ekki gengið eftir er vert að benda á að hér á landi er lítill iðnaður lækningaferðaþjónustu. „Möguleika Íslands til þátttöku í alþjóðavæðingu heilbrigðisþjónustu verður öðrum þræði að skoða í sögulegu samhengi og líta til þess hvernig tengsl Íslands hafa verið við umheiminn gegnum tíðina. Íslendingar sóttu um langt skeið læknisþjónustu til útlanda, einkum til Norðurlandanna og síðar til Bretlands og Bandaríkjanna. Með eflingu sjúkrahúsþjónustu á Íslandi á síðari hluta síðustu aldar hafa íslenskar heilbrigðisstofnanir getað veitt langflestum sjúklingum viðeigandi meðferð á flestum sviðum lækninga,“ segir í skýrslu velferðarráðuneytisins. Um áratuga skeið var starfandi innan Tryggingastofnunnar ríkisins nefnd sem gekk undir nafninu Siglinganefnd. Hlutverk hennar var að ákveða hvort skilyrði fyrir þátttöku almannatrygginga í greiðslu fyrir þjónustu á erlendu sjúkrahúsi væru fyrir hendi og hvar meðferðin skyldi fara fram. Siglinganefnd starfar nú innan Sjúkratrygginga Íslands. Árlega samþykkir Siglinganefnd um 200 umsóknir um sjúkdómsmeðferðir við erlend sjúkrahús. Á síðustu árum hafa innlendir aðilar í vaxandi mæli boðið erlendum sjúklingum upp á heilbrigðisþjónustu, svo sem augnaðgerðir, tæknifrjóvgun og meðhöndlun við psoriasis. Í gildi eru samningar við Færeyinga og Grænlendinga um almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu.

BLÁA LÓNIÐ

Á árinu 1993 var skipuð nefnd til þess að athuga hvort íslensk sjúkrahús væru fær um að taka við sjúklingum erlendis frá sem kæmu hingað til sérhæfðrar meðferðar eða endurhæfingar. Einnig var nefndinni falið að koma með tillögur um samræmdar aðgerðir til þess að afla íslenskri heilbrigðisþjónustu nýrra verkefna og nýta þekkingu og reynslu starfsmanna hennar til hátækniaðgerða. Nefndin benti sömuleiðis á að heilsulindir og hreint loft gætu dregið útlendinga til landsins og var bent á Heilsustofnunina í Hveragerði og Bláa Lónið í Grindavík í því samhengi. „Skömmu síðar beindist athyglin að því að fá sjúklinga frá Færeyjum og Grænlandi til meðferðar á Íslandi. Samstarf í heilbrigðismálum var rætt á fundum ráðherra og embættismanna og skrifað undir samninga á milli landanna og samninga milli stofnana. Framkvæmdin hefur þó ekki alltaf verið í samræmi við hástemmdar yfirlýsingar forsvarsmanna heilbrigðismála í löndunum. Sennilega réðu þar mestu ófullnægjandi samgöngur og sú staðreynd að uppsett gjald fyrir læknisverk á Íslandi auðveldaði bæði Færeyingum og Grænlendingum að lækka verð á sambærilegri þjónustu í Danmörku,“ segir í nefndaráliti velferðarráðsins frá 2011. Bláa Lónið, sem stofnað var árið 1992, hefur náð hvað lengst í að þróa heilsutengda ferðaþjónustu á Íslandi fyrir erlendan markað. Á ári hverju heimsækja 400 þúsund manns þessa heilsulind og samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins gangast árlega 400-500 einstaklingar undir svonefnda Bláa Lóns psoriasismeðferð. Langstærstur hluti gestanna eru Íslendingar en aðrir meðferðargestir koma frá fjölmörgum þjóðlöndum. „Psoriasismeðferðin í Bláa Lóninu byggir fyrst og fremst á böðun í jarðsjó Bláa Lónsins sem rannsóknir benda til að hafi lækningarmátt og virk efni, eins og steinefni, kísil og þörunga. Reglubundin böðun í jarðsjó Bláa Lónsins getur dregið úr einkennum psoriasis. Í Danmörku og Færeyjum greiða heilbrigðisyfirvöld fyrir Bláa Lóns psoriasismeðferð þarlendra sjúklinga. Síðustu árin hafa sjúkratryggingar þessara landa að jafnaði greitt fyrir meðferð 35-40 einstaklinga á ári.“

Auk Bláa lónsins má nefna fyrirtækið ART Medica. Á árinu 2009 gengust 25 erlend pör undir meðferð hjá ART Medica og á árinu 2010 voru þau 21. Flest þeirra eru norrænir borgarar og nokkur koma frá Bandaríkjunum. Meðferðir á árinu 2010 voru alls 539. Þá hafa íslenkar augnlækningastöðvar, LaserSjón og Sjónlag auglækningastöð, beint sjónum sínum að erlendum markaði meðfram þeim íslenska. „Sérfræðingar LaserSjónar hafa framkvæmt 7-8 þúsund sjónlagsaðgerðir og er áætlað að 400-500 þeirra sem gengist hafa undir aðgerð hjá LaserSjón séu erlendir einstaklingar,“ segir í skýrslu velferðarráðuneytisins.

Í tilfelli Sjónlags segir að um tíu prósent þeirra sem gengust undir laseraðgerð árið 2010 hafi verið erlendis frá. Í tilfelli augnsteinaaðgerða sé hlutfallið um helmingur.

„Taka átti á móti allt að 4.000 sjúklingum á ári. Iceland healthcare taldi Lava Clinic geta skilað allt að 3,5 milljörðum króna tekjum á ári er sjúkrahúsið væri í fullri starfsemi.“

Vel mætt í tjald atvinnulífsins

Samtök atvinnulífsins tóku þátt í dagskrá Fundar fólksins í júnímánuði. Fundur fólksins er lífleg þriggja daga hátíð um samfélagsmál sem fór fram í Norræna húsinu og nágrenni dagana 11. til 13. júní. Tjaldbúðum var slegið upp og við tók hátíðardagskrá með pólitísku ívafi. Fyrirmynd Fundar fólksins eru sambærilegar hátíðir á Norðurlöndum. Sú þekktasta er án efa Almedalsveckan í Svíþjóð, sem er orðin einn stærsti og mikilvægasti vettvangur sænskrar samfélagsumræðu.

Hörður Vilberg, forstöðumaður samskipta hjá Samtökum atvinnulífsins, segir þátttöku SA hafa verið vel tekið og að mæting hafi verið góð. „Það var allt frá fimm og upp í fimmtíu sem kíktu hverju sinni í tjaldið hjá okkur. Við vorum með 23 viðburði og erum svo sem ekki búin að reikna það allt saman en það var ágætis rennerí," segir Hörður. „Við vildum taka þátt í dagskrá Fundar fólksins sem er flott framtak. Systursamtök okkar á Norðurlöndum gera þetta líka á sambærilegum fundum. Okkur fannst vanta meira samtal um atvinnulífið og samfélagið þannig að við ákváðum að leggja okkar af mörkum í því með því að sýna fram á hvernig öflugt atvinnulíf er forsenda góðra lífskjara. Það var meginefnið og rauði þráðurinn í tjaldinu."

„Við vildum taka þátt í dagskrá Fundar fólksins sem er flott framtak.

Tjald atvinnulífsins opnaði á fimmtudeginum með samtali forystufólks úr atvinnulífinu við gesti og gangandi. Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður Samtaka atvinnulífsins, setti dagskrána. Þá blésu Björgvin Guðmundsson og Friðjón R. Friðjónsson, eigendur KOM til „Tveggja komma tals". Boðið var upp á 25 fróðlega og fjölbreytta viðburði sem tengjast atvinnulífinu með einum eða öðrum hætti. Viðburðirnir snertu þannig á fótbolta, nýsköpun og ungum frumkvöðlum. Fjallað var um ímynd atvinnulífsins og sögu ferðaþjónustunnar. Þá var fjallað um tækifæri í íslenskri kvikmyndagerð, jafnréttismál og hvernig teiknimyndir eru búnar til.

- Nú hefði maður haldið að staðan á vinnumarkaði og verkföll væru efst í huga fólks?

„Maður hefði kannski haldið það fyrirfram en við vorum að reyna að vera meira út í breiðu línunum og rífa okkur upp fyrir átökin og skoða atvinnulífið út frá mjög fjölbreyttum sviðum. Það var mjög góð stemming og yfirveguð og góð umræða," segir Hörður. „Það er bara miklu meira sem sameinar fólk en sundrar. Það gleymist alltaf. Fréttirnar litast af átökum og fjalla um átök. Það er ekki verið að segja fréttir af því sem gengur vel og er í lagi."



Traust geymsla
– og öruggur flutningur alla leið!

Frystigámar
til sölu eða leigu

Eigum á lager 10, 20 og 40 ft. frystigáma.

Seljum einnig og leigjum gámahús, geymslugáma og salernishús í ýmsum stærðum og gerðum.

Fjöldi sérlausna í boði, sniðnar að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

www.stolpigamar.is

Hafðu samband 568 0100

Stólpi Gámar ehf. viðurkenndur samstarfsaðili CTX CONTAINEX

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Sími 568 0100

RB RÚM

ÍSLENSK HÖNNUN

Sérsmíði fyrir hótel og gistiheimili

Í áraraðir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Við ráðleggjum fólki að hafa tvær dýnur í öllum hjónarúmum og tengja dýnurnar saman með rennilásum. Mismunandi stífleika er hægt að velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr.

Mikið úrval af öllum tegundum rúma. Hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.

Íslensk framleiðsla síðan1943.

Alþjóðleg viðurkenning fyrir framúrskarandi árangur í framleiðslu í rúmum og springdýnum.

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA FRÁ 8 - 18
OG Á LAUGARDÖGUM FRÁ 10 - 14

RÚM

Framúrskarandi fyrirtæki 2010
Framúrskarandi fyrirtæki 2011
Framúrskarandi fyrirtæki 2012
Framúrskarandi fyrirtæki 2013

RB RÚM DALSHRAUN 8 220 HAFNARFIRÐI WWW.RBRUM.IS SÍMI 555 0397

Niðurstaða Rafiðnarsambandsins mun liggja fyrir þann 15. júlí

„Auðvitað skrifa menn ekki undir kjarasamning nema þeir séu sæmilega sáttir," segir Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, um nýgerða kjarasamninga. Samningar náðust seinnipart mánudags en vikulangt verkfall hafði verið boðað frá miðnætti þriðjudags. Félögin sem um ræðir eru Félag hársnyrtisveina, Grafía/FBM, Matvís, Rafiðnaðarsamband Íslands, Samiðn og Félag vélstjóra og málmtæknimanna.

Í síðustu viku hafði slitnað upp úr kjaraviðræðum Félags vélstjóra- og málmtæknimanna og Rafiðnaðarsambandsins, en þær voru teknar upp að nýju á föstudag. Kristján segir að samninganefnd Samtaka atvinnulífsins hafi kallað samningsaðila aftur að borðinu og endurskoðað afstöðu sína að nokkru leyti. Það hefði að sjálfsögðu hjálpað til.

Sameiginleg kröfugerð iðnaðarmanna gerði ráð fyrir fimmtungs hækkun launa á samningstímanum. Þá er krafan að bilið milli taxta verði 3% milli ára. Orlof og desemberuppbætur hækki og verði hálf mánaðarlaun viðkomandi starfsmanns. Aðfangadagur og gamlársdagur verði frídagur hjá þeim sem enn njóta þess ekki. Varðandi réttindi er farið fram á kennutöluflakk nýtist ekki til að svipta starfsmenn óunnin réttindi, vinnustaðaeftirlit verði eflt og ráðningarsamningar styrktir. Þá var þess krafist að nýir kjarasamningar gildi frá og með 1. mars 2015.

- Í fyrstu fréttum af samningnum virtist þú ekkert ofsalega kátur með niðurstöðuna? „Nei, þetta er ekki alveg stefna iðnaðarmannanna sem birtist í þessum samningum. Þá á ég við hvernig við vildum sjá launahækkanir. Það er verið að hækka lægstu launin meira en önnur laun, en á móti koma skattabreytingar sem að vega aðeins á móti þessu hjá okkur. Við hefðum viljað komast að þessu aðra leið, en samninganefndirnar mátu það sem svo að þetta væri eitthvað sem við þyrftum að láta á reyna gagnvart félagsmönnum. Við verðum að sjá hvort að menn eru sáttir við þetta og fá niðurstöðuna þar," segir Kristján. „Það eru náttúrulega áhersluatriði sem menn hefðu viljað hafa með öðrum hætti, en eins og ég segi þá skrifa menn auðvitað ekki undir samning nema vera svona sæmilega sáttir með niðurstöðuna." - Í kröfugerðinni var talað um 20% hækkun launa, gengur það eftir? „Við erum ekki nálægt því á upphafsárinu, en yfir samningstímann þá förum við nærri því. Þetta er náttúrlega lengri samningur en við hefðum viljað sjá svona heilt yfir. Hinsvegar sjáum við alveg tækifæri í því að gera slíkan samning og meginmarkmið samninganna er að halda verðbólgu niðri og að kaupmáttur launa aukist á samningstímanum. Ef að það gerist ekki þá er hann uppsegjanlegur á hverju ári. Þá losna menn út úr þessu ef það gengur ekki eftir. Þetta hangir allt mjög saman við stöðu efnahagsmála í samfélaginu og það er bara mjög gott." - Er gildistíminn frá 1. mars eins og þið vilduð? „Hann er afturvirkur frá 1. maí."

Í kröfugerð Rafiðnaðarsambandsins var farið fram á 380 þúsund króna byrjunarlaun iðnaðarmanns með sveinspróf. - Næst það á samningstímanum? „Það verður komist ansi nærri því í enda samningstímans," segir Kristján. - Hvenær verða samningar lagðir fyrir félagsmenn? „Við byrjum að kynna samningana í næstu viku og atkvæðagreiðslan mun hefjast tiltölulega fljótt eftir að það byrjar og við munum tilkynna niðurstöðu 15. júlí."

IÐNAÐUR UNDIRSTAÐA VELFERÐAR

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

VM
Félag vélstjóra og málmtæknimanna

Vélaverkstæðið Hillari ehf

HB GRANDI

oddi HF
fiskvinnsla · útgerð

Rafstilling ehf

Grundarfjarðarbær

Snæfellsbær

EFLING
STÉTTARFÉLAG

VÉLAVERKSTÆÐI
JÓHANNS ÓLAFS HF.
Reykjavíkurvegi 70 • sími 555 2811

SVN
Síldarvinnslan hf

ESKJA

Tvöfalt fleiri ær drepist í ár en árin áður

Nýverið sendu Landssamtök sauðfjárbænda og Matvælastofnun út ítarlega spurningakönnun til allra sauðfjárbænda vegna óvenju mikils óútskýrðs ærdauða í vetur og vor. Með því að gera könnunina í gegnum Bændatorg Búnaðarstofu er hægt að tengja allar nýjar upplýsingar við þá gagnabanka sem til eru. Niðurstöðurnar eru sláandi og sýna glöggt hversu alvarlegt ástandið er.

Hnotskurn:

- Ærdauði í vor er að minnsta kosti 120% meiri en síðasta árið.
- Könnun sýnir að ástandið er óvenjulegt og alvarlegt.
- Helmingur ánna drapst fyrir burð.
- Matvælastofnun hefur hafið víðtæka sýnatöku.
- Blóðsýni verða send utan til rannsóknar.

ÞÚSUNDIR KINDA VESLAST UPP OG DREPAST

Sauðfjárdauðinn hefur orðið á fjölmörgum bæjum víða um land, að því er virðist óháð gæðum heyja. Inngrip bænda og aukin fóðurbætisgjöf hefur ekki skipt sköpum. Strax upp úr áramótum fóru bændur að taka eftir einkennum hjá fénu, það hélt illa holdum en hafði þó góða matarlyst. Þrátt fyrir að bændur hafi strax gripið til ráðstafana með aukinni fóðurbætisgjöf o.þ.h., virtist það koma fyrir lítið og margt fé drapst, mest í kringum sauðburð.

233 BÆNDUR HAFA SVARAÐ

Um hádegið í dag (22. júní) höfðu 223 bændur svarað könnuninni á Bændatorginu. Margir þeirra hafa misst fleira fé en eðlilegt getur talist. Oft miklu fleira. Hafa ber í huga að svör hafa einnig borist frá bændum þar sem allt hefur verið eðlilegt og svör þeirra lækka því öll meðaltöl. Ástandið á einstaka bæjum er mjög alvarlegt. Könnunin er ítarleg og margir bændur taka sér góðan tíma í að svara. Til viðbótar þeim 223 sem þegar hafa svarað, hafa 500 bændur opnað könnunina og skoðað eða byrjað að svara. Því má búast við enn fleiri svörum á næstunni. Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins (RML) býður bændum aðstoð við að fylla út könnunina.

SVÖRIN SÝNA ÓEÐLILEGA MIKINN FJÁRDAUÐA

Af þessum 223 svörum sem komin eru má ráða að ærdauðinn í vetur og vor er án nokkurs vafa óeðlilega mikill. Stór hluti þeirra bænda sem svaraði segist hafa aukið mjög við fóðurbætisgjöf. Dæmi eru um að hún hafi verið allt að tífölduð miðað við venjulegt ár. Alls hafa 2.741 ær (nokkrir hrútar eru einnig inni í þessari tölu) drepist í vor og vetur (frá hausti 2014 til vors 2015). Hér er aðeins verið að tala um hluta úr ári og venjuleg sumarafföll eru ekki inni í þessari tölu. Þetta eru tölur frá þeim 223 bændum sem hafa svarað könnuninni.

HELMINGUR DRAPST FYRIR BURÐ

Af þessum 2.741 ám sem drápust í vetur og vor hjá þeim 223 bændum sem hafa svarað könnuninni, voru 1.345 óbornar, eða um 49%. Reikna má með því að heildartala dauðra áa sé enn hærri en þessar tölur gefa til kynna, enda margir sem ekki hafa enn svarað. Þá hefur lambadauði einnig verið mikill í vor.

Meira en tvöfalt fleiri ær hafa drepist en árið á undan
Til samanburðar drápust 1.242 ær á heilu ári þar á undan (haust 2013 til hausts 2014). Þetta er um 119% aukning, jafnvel þótt tímabilið sé styttra. Sé farið ári lengra aftur í tímann (haust 2012 til hausts 2013) sést að þá drápust 998 dýr. Aukningin miðað við það er 175%. Tímabil

Rannsókn hófst 9. júní en fjárdauðinn enn óútskýrður
Landssamtök sauðfjárbænda hófu rannsókn á ærdauðanum þriðjudaginn 9. júní, eftir að ábendingar höfðu borist frá Margréti Katrínu Guðnadóttur dýralækni í Borgarnesi og nokkrum bændum. Fljótlega kom í ljós að vandamálið er útbreitt. Niðurstöðurnar hingað til sýna að það er útbreiddast um vestan- og norðanvert landið. Þó hefur óeðlilega margt fé drepist í öllum landshlutum. Tekin voru 35 blóðsýni úr veikum kindum á Norðurlandi, Vesturlandi og Vestfjörðum. Að auki voru 7 kindur krufnar á Keldum. Áður höfðu Keldur fengið 6 ær til krufningar frá bændum svo í heildina hafa þrettán ær verið krufnar. Enn bólar ekkert á skýrum svörum.

SAMVINNA LANDSSAMTAKA SAUÐFJÁRBÆNDA OG MATVÆLASTOFNUNAR

Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda og fulltrúar Matvælastofnunar (MAST) hittust á föstudaginn (19. júní) til þess að fara yfir stöðuna. Fulltrúar MAST á fundinum voru þær Sigurborg Daðadóttir yfirdýralæknir og Anna Karen Sigurðardóttir sérgreinadýralæknir sauðfjársjúkdóma. Það var samdóma álit að ástandið væri óvenjulegt og alvarlegt. Því beri að rannsaka orsakirnar vandlega.

VÍÐTÆK RANNSÓKN MATVÆLASTOFNUNNAR

MAST hefur valið 10 fjárbú til rannsókna og sýnatöku. Tekin verða blóðsýni, auk þess sem velja á veikburða ær til krufningar. Um 20 sýni verða tekin á hverjum bæ, 10 úr sauðfé sem sýnir einkenni og 10 úr sýnilega heilbrigðu fé. Samtals verða því tekin sýni úr 200 ám. Heimsóknir dýralækna á vegum MAST eru hafnar og verður lokið á næstu dögum. Blóðsýnin verða að hluta rannsökuð á Keldum en verða svo send til framhaldsrannsóknar hjá Sentrallaboratoriet hjá norska dýralækna háskólanum í Osló í Noregi.

Rannsóknin er nú að fullu í höndum Matvælastofnunnar í náinni samvinnu við Landssamtök sauðfjárbænda. Matvælastofnun hefur fengið í hendur öll sýni og rannsóknarniðurstöður þeirrar frumrannsóknar sem Margrét Katrín Guðnadóttir og Landssamtök sauðfjárbænda unnu. Þá munu samtökin áfram hvetja bændur til að svara í samvinnu við RML.

Sjómenn hlusta ekki á neitt kjaftæði

30 ára sæplast

Þeir vilja bara fá traust og hentug ker undir sinn afla svo þeir fái sem mest fyrir sínar afurðir.
Sæplastkerin eru hönnuð samkvæmt ströngustu kröfum sjómanna.

PROMENS

PROMENS DALVÍK • GUNNARSBRAUT 12 • 620 DALVÍK • SÍMI 460 5000 • www.promens.com/saeplast

Nýtt
Kjörís
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Nýtt
Daim
ZOMBÍS
Tilvaldir í lík- og frystikistuna.
-Hvíl í kviði.

GERÐU GÆÐA-OG VERÐSAMANBURÐ

Hönnunarverðlaun 2013-2014

FEYDOM

RAÐAÐU SAMAN ÞÍNUM EIGIN SVEFNSÓFA

Það nýjasta í dag... einingar sem hægt er að raða saman á ótal vegu. Breyttu, bættu við eða stækkaðu svefnsófann. Sterkt áklæði sem auðvelt er að þrífa - Margar gerðir og litir.

BONBONS S ►
2 grunneiningar:
4 sæta sófi/
tvöfalt rúm með
2 púðum / koddum
aðeins kr. 169.900.-

FAYDOM BONBON M kr. 229.900.- ▲

KÍKTU Á FEYDOM.COM OG SJÁÐU MÖGULEIKANA

BODYPRINT - IQ CARE

BYLTING Í HEILSUDÝNUM

ein allra besta heilsudýna sem hægt er að fá í dag!

Ný marg-svæðisskipt hönnun sem gefur einstakan stuðning við allan líkamann.

BODYPRINT er með nýjan opnari efniseiginleika sem gerir það að verkum að hún andar miklu betur (svitnar síður).

BODYPRINTer með nýja sterkari þrýstijöfnunar-efnablöndu sem endist lengur og mótast betur að líkamanum.

BODYPRINT aðlagast svo til samstundis að líkamanum og tryggir betra blóðflæði. Þú nærð því dýpri og betri svefni. Auðvelt er að snúa sér á heilsudýnunni.

BODYPRINT er samvinnuverkefni Veldeman Bedding og Eupen verksmiðjanna í Belgíu.

BODYPRINT er með innbyggðan stuðningspúða sem gefur betri stuðning við lágbakið.

BODYPRINT er með mjúkt útskorið axlasvæði sem gefur vel eftir við axlir.

BODYPRINT leitast við að halda hryggsúlunni í beinni stöðu og gefur réttan stuðning við allan líkamann.

Réttur stuðningur og þrýstijöfnun
★★★★★
Settu heilsuna í fyrsta sæti

Vönduð stillanleg

HEILSURÚM

með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu

- Inndraganlegur sterkur stálbotn
- Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótorar
- Lyftigeta 2x611 kg. hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur.
- Val um dökkan eða ljósan lit í bólstrun

Kíktu á www.reverie.com

Reverie®

RECOGNIZED FOR EXCELLENCE
WOMEN CERTIFIED®

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

*3.5% lántökugjald

IQ-CARE

Svæðisskipt þrýstijöfnunardýna sem veitir fullkominn stuðning. Einnig úrval af heilsukoddum

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum